

Velkomin í Samara Residencia, hús orlofssjóðs Sameykis í sólskinsbænum Ciudad Quesada á Spáni.

Í þessari möppu eru hagnýtar upplýsingar af ýmsu tagi um húsið og nágrenni þess.

Hér er einnig að finna góðar ábendingar um allt mögulegt skemmtilegt til að gera og fara í nágrenninu. Í íbúðinni er gestabók og þar er tilvalið að bæta við ábendingum fyrir næstu gesti.

Með ósk um ánægjulega daga í Ciudad Quesada,
Orlofssjóður Sameykis.



Lyklamálin

Lyklar og fjarstýringar eru afhentar á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89 í Reykjavík sem næst brottfarardegi. Vinsamlegast skilið lykklum aftur á skrifstofuna eins fljótt og hægt er eftir heimkomu.

Peir sem koma annars staðar frá eða ætla ekki beint heim eftir dvöl í íbúðinni skulu fá lykla afhenta á Spáni, en það verður að gerast í samráði við umsjónarmann.

Hvar er húsið ?

Húsið er í sameiginlegri þyrpingu sem heitir „Samara Residential no. 5“ en 10 önnur hús mynda þennan lokaða kjarna. Frá flugvellið í Alicante tekur ökuferðin í húsið um 40-50 mínútur. Hægt er að taka leigubíl en einnig er hægt að bóka akstur beint í gegnum umsjónarmann húsnæðis en það verður að gera fyrirfram eða þegar húsnæðið er bókað.

Að auki getur umsjónarmaður húsnæðis haft milligöngu um leigu bílaleigubíla á meðan á dvöl stendur sé þess óskað.

Heimilisfangið er:

Calle numero 5, no. 30, Samara Residential og húsið / íbúðin er merkt númer 5.
03170 Ciudad Quesada, Rojales, Alicante.



Mikilvæg símanúmer

Umsjónarmaður með húsinu er Ármann Þór í síma: +0354 690 0062

Netfang: umsjonspann@gmail.com

Vinsamlegast athugið að þetta eru neyðarnúmer en ekki upplýsingaþjónusta.

Rukkað er sérstaklega fyrir neyðarþjónustu og útkall (dagur/nótt - 70/90 evrur)

Hagnýtar upplýsingar.

Ef svo ólíklega vill til að leigutakar þurfi lækniþjónustu og eða að bráðaatvik komi upp er nauðsynlegt að hafa bláa sjúkrakortið með sér ásamt vegabréfi. Þess vegna er gott að vera búin að undirbúa sig, hafa sjúkrakortin á einum stað, vera með td. mynd í símanum sínum af símanúmerum / heimilisföngum á sjúkrahúsum / heilsugæslum.

Símanúmer í neyðartilvikum.

Lögregla og sjúkrabíll: 112

Aukapjónusta ef óskað er - greiðist á staðnum

Alla aukapjónustu þarf að panta um leið og bókun fer fram.

Ef það er dregið fram á síðasta dag er ekki víst að hún sé í boði.

Vinsamlega sendið tölvupóst til umsjónarmanns um leið og bókun fer fram.

Ármann Þór í síma: +0354 690 0062

Netfang: umsjonspann@gmail.com

Aukapjónusta:

- Tekið á móti gestum í íbúð, pantað fyrirfram, dagur / nótt 50/70€
- Lyklaafhending, neyðarþjónusta og útkall, dagur / nótt 70/90€
- Akstur frá flugvelli að íbúð, pantað fyrir fjóra / fyrir átta 50/70€
- Áfylling á ísskáp 40€

„Áfylling á ísskáp er 6 lítrar vatn, 2 lítrar mjólk, 6 dósir jógúrt, kaffi, brauð, smjör og ostur“.

Skiptidagar, húsið og búnaður

Skiptidagar eru á föstudögum. Leigjandi hefur afnotarétt af húsinu frá kl 18:00 á komudegi og til kl 12:00 á brottfarardegi.

Gengið er inn á aðalhæðina (miðhæð) en húsið er á þremur hæðum og auk þess er sólarverönd á þakinu. Á aðalhæð er eldhús, borðstofa og stofa og gesta salerni. Á veröndinni fyrir utan er borð, sex stólar og tveir sólstólar eru í garðinum. Í kjallara er sjónvarpshol með svefnsófa fyrir tvo og hjónaherbergi með baði. Á annarri hæð eru tvö hjónaherbergi með svölum og baðherbergi.

Af svölunum er gengið upp á þakverönd en þar er úti sófasetti, tveir sólbekkir, borð og fjórir stólar. Að sama skapi er yfirdraganlegt sólskyggni, úti sturta, ísskápur og gasgrill.

Við stiga á milli hæða eru barna öryggishlið.

Búnaður

Gistimöguleikar eru að hámarki fyrir átta manns, auk þess sem ferðabarnarúm fyrir smábarn er í svefnherbergi á annarri hæð. Alls þrjú hjónaherbergi með rúmunum sem eru 150x190, svefnaðstaða fyrir tvo í svefnsófa og barnaferðarúm sem fyrr segir.

Húsið er á endalóð með sameiginlegri úti aðstöðu og góðri sundlaug sem við deilum með hinum 10 húsunum. Gestir hafa fullan aðgang að útisvæði og sundlauginni, en sýnum öðrum íbúum þá tillitssemi að skilja ekkert eftir við laugina þegar ekki er verið þar. Að sama skapi skal fara eftir reglum sameignar í einu og öllu. Bílastæði er við húsið inn á lokaðri lóð og einnig er hægt að leggja við götuna.

Í eldhúsinu er allur almennur búnaður, uppþvottavél og ísskápur. Borðbúnaður er fyrir 12 manns. Sængurfatnaður á sumrin eru stór lök en teppi yfir þau á vetrurna. Barnaferðarúm og barnastóll er í húsinu. Einnig barnasæng og koddí. Stofusófinni niðri er jafnframt svefnsófi ef þörf er fyrir fleiri rúm.

Sjónvarp er á aðalhæð og í kjallara, DVD og útvarp með geislaspilara. Þvottavél er í þvottaskáp sem er við bílastæðið á lóðinni upp við húsið. Þar eru líka hreinsiefni, viskustykki, tuskur og gólfmoppur. Lykill að þvottaskápnunum er með öðrum lyklum í eldhúsi.

2x 2L vatnsflöskur eru í ísskáp og klósettpappírsrúllur á salernum þegar fólk kemur en að öðru leyti sér fólk um sig sjálft meðan það dvelur í húsinu.



Gasgrill

Gasgrill fylgir húsinu og biðjum við gesti að láta umsjónaraðila alltaf vita þegar gas klárast og jafnvel bæta úr því sjálft og rukka svo félagið, þar sem ekki er leyfilegt að hafa aukakúta á staðnum.

Reglur sameiginlegs útisvæðis

1. Farið í sturtu áður en farið er í laugina en það eru tvær útisturtur við laugina.
2. Reykingar eru stranglega bannaðar. Þetta á að auki um rafrettur.
3. Bannað er að tala hátt í síma vegna mögulegs ónæðis.
4. Matvæli eru bönnuð.
5. Glerglös / gler ílát eru stranglega bönnuð.
6. Ganga skal frá öllu rusli.
7. Ganga skal frá bekkjum og öðrum eigum eftir notkun.



Loftkæling og gólfhiti

Loftkæling er í húsinu og er bent á að slökkva á henni við brottför. Þá er heldur ekki þörf á að hún sé alltaf í gangi sérstaklega ekki þegar opið er út. Á baðherbergjum er gólfhiti. Vinsamlegast hafið í huga yfir vetrartímann að hitinn rýkur upp og út ef hurðir standa opnar og þá getur tekið tíma að hita húsið aftur.

Internet, afruglari og sjónvarp

Sjónvarp, DVD, aðgangur að neti, ásamt sjónvarpstengingu með aðgangi að mörgum sjónvarpsstöðvum eins og t.d. RÚV. Upplýsingar um WI-FI er að finna í húsinu.

Almenn umgengni

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu. Það gildir líka um rafrettur. Þeir sem reykja eru beðnir að reykja úti eingöngu og ganga snyrtilega frá eftir sig. Að öðru leyti skulu leigjendur ganga vel um og virða húsreglur.

Sem fyrr biðjum við gesti vinsamlegast að virða reglur sem húsfélagið hefur sett varðandi sundlaugina og sameign af tillitssemi við aðra íbúa.

Þrif og frágangur við brottför

Þrif á húsinu eru innifalin í leiguverði en við biðjum gesti um að þrifa þaksvalir með garðslöngu sem þar er. Ganga verður frá öllum þvotti, þ.e. taka af rúmum og setja í þar til gerðar körfu/r sem eru til staðar í húsinu, ásamt handklæðum. Í íbúðinni eru bæði stór og lítil handklæði.

Strandhandklæði eru í íbúðinni fyrir gesti og þurfa gestir að þvo þau og ganga frá í lok dvalar.

Þá skal einnig við brottför ganga frá öllum búnaði á sinn stað, þurrka af borðum. Þvo allt leirtau og koma því á sinn stað í skápum og hillum og slökkva á öllum tækjum og draga niður gluggahlífar. Slökkva þarf á gólfhita á baðherbergjum og loftræstingu við brottför.

Að henda rusli

Fara þarf með rusl í gáma sem staðsettir eru við hringtorgið næst húsinu. Vinsamlega kynnið ykkur flokkun / mismunandi gáma fyrir rusl.

Ciudad Quesada - bærinn og nálægir kjarnar

Ciudad Quesada hefur alþjóðlegt yfirbragð en bærinn sem er í ca. 10 mínuta akstursfjarlægð frá næstu strönd hefur byggst hratt upp sl. 30 ár. Í bænum er blanda heimamanna og sólþyrstra ferðamanna.

Húsið stendur í íbúðahverfi í austurhluta Quesada bæjarins, á horninu á Calle numero 5 og Avenida de Argentina. Það er merkt inn á mynd hér að neðan. Bærinn er rólegur og fallegur, með nokkrum þjónustukörnum. Stærsti kjarninn er miðbærinn en þar er **Laugavegurinn** svokallaði, Avenida de las Naciones. Þar eru flestir veitingastaðanna, bílaleigur, hjólaleigur og margar verslanir, en auk þess hárgreiðslustofa, tannlæknastofa, apótek og fleira.

Aðrir þjónustukjarnar eru neðst í götunni **Avenida del Mar**, í göngufæri frá húsinu okkar, kjarninn við ítalska veitingahúsið **Antica Italia**, og svo kjarninn í kringum **Hótel La Laguna**. Um tíu til fimmtán mínútna akstur er niður á strönd, til dæmis við **Guardamar Segura**.

Það tekur um fimmtán mínútur að aka til strandbæjarins Torrevieja og um hálf tíma að aka til **La Zenia** sem er stærsta verslunarmiðstöð héraðsins með fjölda verslana, veitingastaða og skemmtigarði fyrir börn.



Vegna staðsetningu hússins er afskaplega þægilegt að vera með bíl til umráða. Umsjónarmaður hússins getur verið gestum innan handar með bílaleigubíla sé þess óskað. Að sama skapi er hægt að nýta sér þjónustu leigubíla ef gestir kjósa það frekar.

Laugavegurinn (Av. de las Naciones) og miðbærinn

Miðbærinn í Quesada laðar til sín marga gesti. Þar eru úrval veitingastaða og verslana. Allskonar þjónusta er líka í miðbænum, svo sem minigolf, bowling höll og líkamsræktarstöð

Snóker og Bowling höllin (Quesada Bowling) stendur einnig við Los Arcos götuna og er nr. 15. Þar er einnig hægt að una sér við Dart leik og fá sér að borða. Þar við hliðina nánast er líkamsræktarstöðin Elite Fitness og hægt að fá bæði vikukort og aðgang í einn dag eða tvo.

Kjarninn við Hótel La Laguna

Þessi kjarni er í ca. hálf tíma göngufjarlægð frá húsinu. Við La Laguna eru nokkar verslanir og apótek, bar og veitingastaðir auk þess sem veitingastaður og bar eru á hótelinu sjálfu með prýðisgóðan mat. Veitingastaðir í þessum kjarna sem benda má á eru td.:

Restaurante Pizzería 222, ekta ítalskur. Pizzur, pasta ofl. Er staðsettur í verslunarhúsinu fyrir neðan Hótel La Laguna. Hægt er að taka matinn með heim (take-away).

Indian Ocean, fallegur staður með mjög góðan indverskan mat.

Heilsulind Spa á Hótel La Laguna

Á hotel La Laguna er að finna gott SPA með margvíslega þjónustu sbr. nudd, heilsumedferðir, snyrtingu, förðun og potta- og gufuböð úr öllum áttum.

www.hotellalaguna.com/en/spa/

Kjarninn við Avenida del Mar

Gengið út götuna Calle numero 5 til vesturs og beygt til vinstri niður götuna Avenida del Mar. Við neðri endann á þessari götu er þjónustukjarni, m.a. Willow skólinn, úti róluvöllur, bar og kaffihús, RJK netþjónustan og veitingastaðirnir Budapest og Chefs on Broadway.

Consum matvöruverslunin

Consum matvöruverslunin er staðsett í ca. 7-10 mínutna göngufjarlægð frá húsinu. Gott úrval og verð einkenna verslunina en þar má finna fisk, kjöt og ostaborð. Opn frá 09.30 til 21.30.

Vinsamlega athugið að verslunin er lokuð á sunnudögum frá okt-maí.

Kjarninn við Antica Italia

Þessi litli kjarni ofarlega í Quesada bænum leynir á sér. Þar er verslun sem hefur á boðstólum lifrarkæfu og fleira sem Dönnum og Svíum þykir meðal annars góð enda búa margir norðurlandabúar á þessu svæði. Barinn á efri hæð verslunarhússins er líflegur á kvöldin og sumir skella sér í karaóki. Veitingahúsið Antica Italia er svo yfirleitt þétt setið en skemmtileg þakverönd er þar en gestir njóta útsýnisins og sólarlagsins, borða heimagert pasta eða dýrindis snitzel. Við mælum alltaf með því að þið bókið borð fyrirfram og á það við um alla veitingastaði sem þið ætlið á.

Aqua-Park er fjörugur og fallegur vatnsleikjagarður fyrir alla aldurshópa, í um 35 mín. akstursfjarlægð. Heimilisfangið á google maps er Quesada Aquapark. Í Aqua-Park eru rennibrautir, sundlaugar, leikjagarður og veitingastaðir og auðvelt að eyða hér ljúfri dagsstund. Opið er yfir sumarmánuðina en opnunartíma má finna á vefsíðunni:

www.aquaparkrojales.es



Costa Blanca svæðið

Costa Blanca svæðið í Valenciu héraði liggur meðfram austur strönd Spánar og hefur um árabíl verið ein eftirsóttasta ferðamannaparadís.

Að meðaltali eru 320 sólardagar á svæðinu á ári. Hvítar strendur og fallegar klettamyndanir einkenna svæðið auk skóglendi og fallegir bæjir og þorp að ógleymdum iðandi borgum eins og Alicante og Benidorm.

Alicante er höfuðborg Costa Blanca svæðisins. Borgin er iðandi af lífi allt árið um kring með ótal veitingastöðum söfnum, dómkirkju, kastala, verslunum og iðandi fjöruktu næturlífi. Gamli bærinn og svæðið kringum höfnina er þekkt fyrir skemmtistaði og klúbba sem margir hverjir skarta góðu tónlistarfólki og frægum plötusnúðum. Þá hefur borgin sína eigin Römblu sem liggur meðfram „Paseo de la Explanada de Espana“ þar sem er urmull af góðum veitingastöðum.

Á svæðinu eru að minnsta kosti 15 góðir golfvöllir. Þá er víða hægt að leigja bát eða fara í bátsverð eða vatnasport margs konar auk annarra skoðunarferða, en mesta aðdráttaraflið er án efa hvít strandlengjan og náttúrufergurðin. Góðar upplýsingar um svæðið má finna á upplýsingasiðum eins og:

www.spanarsala.is

www.tripadvisor.com

www.spain-holiday.com/alicante-province

www.alicante.com



Viltu kíkja í verslunarleiðangur ?

Alicante

Stærri verslunarmiðstöðvar eru inn í Alicante, s.s. El Corte Ingles og Plaza Mar 2. Hægt er að taka strætó, leið nr. 03 sem stoppar fyrir framan húsið og kostar fargjaldið 2 evrur aðra leiðina.

Gott er að fara úr vagninum við Avenida De Oscar Explana, þ.e. við bankann Sabadell (rétt við aðalbrautarstöðina)

Til að komast til baka frá Alicante er best að fara niður að höfninni og á Centralstöðina „Estación Central de Autobuses“ og taka vagn nr. 03 „Arenales“. Vagnar hætta almennt að ganga um kl. 22.00.

Torre Vieja – La Zenia

Þá er einnig góðar verslanir í Torre Vieja og La Zenia sem eru skemmtilegir strandbærir í um 30-40 mín. akstursfjarlægð.

La Zenia er ein stærsta verslunarmiðstöðin á svæðinu. Hin ofurvinsæla Primark verslun er þarna. Úrval af verslunum, veitingastöðum og annarri afþreyingu.

Heimilisfang: Jade 2 - 03189 Orihuela Costa - Alicante

www.zeniaboulevard.es/en

Habaneras er skemmtileg verslunarmiðstöð, minni en La Zenia. Á svæðinu eru keilusalur, bío, ofl. ofl.

Heimilisfang: Av. Rosa Mazón Valero, 7, 03184 Torre Vieja, Alicante

www.habaneras.es

Bíltúr meðfram strandlengjunni

Fyrir þá sem vilja keyra um og skoða mælum við með bíltúr upp meðfram ströndinni í norður þar sem sækja heim Calpe þar sem sérstakir drangar og klettamyndir skaga út í sjó, með viðkomu í gamla bænum í Altea þar sem njóta má kyrrðarinnar og alveg upp til Moraira sem er þekkt fyrir eina fallegustu smábátahöfnina á svæðinu.

Uppáhald matgæðingsins er án efa **Mercado Central**, í efri hluta Alfonso el Sabio í Alicante ((Av. Alfonso El Sabio, 10, 03004 Alicante, Spain). Þetta er ævintýrlegur matarmarkaður í glæsilegri gamalli byggingu, eins konar dómkirkja matgæðingsins.

Ferskur fiskur og spennandi sjávarfang, kjöt og pylsur af öllum gerðum, grænmeti, ostur, vín og brauðmeti ratar beint í körfuna.

Útimarkaðir

Útimarkaðir eru almennt allt árið um kring á Costa Blanca svæðinu. Við viljum benda á markaði sem eru ca. 30-40 mínútur frá þér akandi. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Zoco markaðurinn – Sunnudaga frá 08.00 til 14.00.

Skemmtilegur markaður þar sem fatnaður, matvara, heimagerður varningur og veitingar eru seldar. Næg stæði. Hægt að setja inn „zoco market“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar. Staðsetning: ctra. San Miguel de Salinas Algorfa.

El Limon markaðurinn við El Raso – Sunnudaga frá 08.00 til 14.00.

Einn sá stærsti en mjög mikið vöruval er í boði og oft það nýjasta í flestum flokkum.

Hægt að setja inn „limon market El Raso“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Camino del Raso, El Raso.

Playa Flamenca market – Laugardaga frá 08.00 til 14.00.

Vinsæll markaður sem iðar af mannlífi. Hægt að setja inn „playa flamenca market“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Calle Nicolás de Bussi, Playa Flamenca.

Aquapolis markaðurinn í Torrevieja – Föstudaga frá 08.00 til 14.00.

Einn vinsælasti útimarkaðurinn á Costa Blanca. Hægt að setja inn „aquapolis market torrevieja“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Avenida Delfina Viudes, 1, 03183 Torrevieja.

Þess má geta að á sumrin eru talsvert fleiri markaðir á mismunandi dögum. Auðvelt er að afla sér upplýsinga með að googla td. „markets in costa blanca“ til að fá nánari upplýsingar.

Útimarkaðir hafa stundum haft á sér það orð að „fingralangir einstaklingar“ stundi þá.

Allur er varinn góður og alltaf gott að gæta að verðmætum sínum, passa að læsa bílnum og hafa ekkert sýnilegt í bílsætum.

Einnig er nauðsynlegt að vera með reiðufé til að greiða fyrir möguleg vörukaup þar sem fæstir söluaðilar eru með posa.

Verslanir – opnun ofl.

Gott er að hafa í huga að á Spáni er í lögum að verslanir verða að hafa lokað 12 sunnudaga á ári og er hverri verslun frjálst að stýra þessu.

Þess vegna eru flestar verslanir lokaðar á sunnudögum í nóv til apríl.

Almennur opnunartími stærri matvöruverslana er frá 09.00 til 21.30.

Helstu matvöruverslanir eru:

- Mercadona
- Consum
- Carrefour

Vilji gestir koma á framfæri ábendingum, athugasemdum eða öðru geta þeir gert það í þar til gert eyðublað sem er aftast í bláu möppunni.

Við vonum svo innilega að þið njótið dvalarinnar og að skemmtilegar minningar skapist í fríinu. **Orlofssjóður Sameykis.**